

**Nd.**

**818. Nefndarálit**

[90. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 21. júní 1973, um Hæstarétt Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta til laga um Hæstarétt Íslands kveður á um að dómurum í Hæstarétti verði fjölgað um 1, úr 7 í 8, og auk þess verði heimilt að ráða 2—3 aukadómara um takmarkaðan tíma. Þessar hugmyndir eru fram settar til þess að ráða bót á ófremdarástandi sem myndast hefur vegna þess að mál hafa hlaðist upp í Hæstarétti og fyrir vikið hefur orðið óeðlilegur dráttur á afgreiðslu mála þar.

Allir hljóta að vera sammála um að það er ákaflega óæskilegt að mál safnist fyrir hjá Hæstarétti þannig að það geti tekið allt að tvö ár og jafnvel lengri tíma að fá mál þar afgreidd.

Þessi vandi hefur allengi verið ljós og viðurkenndur í dómskerfinu. Á árinu 1976 var í fyrsta sinn lagt fram frumvarp til laga um Lögréttu. Hugmyndin að baki Lögréttu er einmitt að leysa þennan vanda þannig að smærri mál séu dæmd í héraði og áfrýjað til Lögréttu, ef um slíkt er að ræða, en stærri mál dæmd í Lögréttu og síðan áfrýjað til Hæstaréttar. Hér sýnist vera um frambúðarlausn að ræða á mikilsverðu vandamáli. Frumvarp um Lögréttu hefur alloft verið lagt fyrir Alþingi og komst einu sinni til 2. umræðu í seinni deild, en var ekki afgreitt. Nú hafa enn fremur komið fram hugmyndir um að reyna lögréttufyrirkomulagið á Stór-Reykjavíkursvæðinu og Reykjanessvæði og útfæra það síðan þyki það gefa góða raun.

Líta má svo a, að það sé ekki skynsamleg leið að fjölga dómurum í Hæstarétti umfram það sem nú er. Benda má á að á árinu 1979 var fjölgað um einn dómara, úr 6 í 7. Nú er lagt til að fjölga úr 7 í 8 og enn fremur að ráða 2—3 dómara til viðbótar um takmarkaðan tíma. Gera má ráð fyrir að sé lagt út á þessa braut verði sérhver vandi, sem upp kemur í Hæstarétti vegna málafjölda, leystur með fjölgun. Verði að tveimur árum liðnum enn málafjöldi fyrir Hæstarétti, þá má gera ráð fyrir að gerð verði tillaga um að 10—11 manna dómur verði varanlegur.

Þetta þýðir það, að í raun verður Hæstiréttur margir dómur, fimm manna dómur og þriggja manna dómur. Svo getur farið, að þeir, sem eiga undir dóminn að sækja, muni álíta að dómurinn hafi komist að tiltekinni niðurstöðu vegna þess, hvernig hann var saman settur.

Líta má svo á að hluta stafi vandi Hæstaréttar ekki af því, að dómur sé ekki nógu margir, heldur vegna þess að ytri aðstæður þar séu ófullnægjandi. Hæstiréttur hefur lítið starfslið. Miklu fremur en að fjölga dómurum og fara þá í vaxandi mæli út á þá braut, að Hæstiréttur starfi í mörgum dómum, sýnist skynsamlegt að fjölga öðru starfsliði Hæstaréttar og bæta aðbúnað hans að öðru leyti. Hæstaréttardómur ættu t. d. að hafa aðstodarmenn, en þá hafa þeir ekki nú.

Vitað er að innan dómastéttar eru skiptar skoðanir um lögréttuhugmyndir. Hins vegar gæti svo farið, að verði þetta frumvarp samþykkt muni það fresta lögréttuhugmyndum um ófyrirsjáanlega framtíð. Hér er því ekki verið að leggja til frambúðarlausn á þeim vanda dómskerfisins, sem vissulega er fyrir hendi, heldur mjög líklega tefja fyrir því, að slík lausn fái á næstunni.

Þess vegna og í trausti þess, að endurskoðað frumvarp til laga um Lögréttu verði lagt fyrir Alþingi þegar á næsta hausti, er lagt til að **þessu frumvarpi verði vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. apríl 1982.

Vilmundur Gylfason,  
frsm.

Ólafur Þ. Þórðarson.